

Frístundaklúbburinn

[Sjá bækling um frístundaklúbb](#)

Frístundaklúbburinn hóf starfsemi þann 1.september 2011, klúbburinn er ætlaður fyrir grunnskóla-nemendur í 5.–10. bekk sem eru með fatlanir.

Megin markmið með frístundaklúbbnum er að efla og styrkja félagsleg tengsl og er það gert á meðal jafningja.

Markmið frístundaklúbbsins er að efla félagslegan þroska þátttakenda og stuðla að alhliða þroska og heilbrigði. Að hafa góða samvinnu milli starfsfólks og foreldra. Að mæta þátttakendum á þeirra grundvelli og veita þeim þjónustu við hæfi.

Frístundaklúbburinn Kotið sími : 480-6363 – Glaðheimar, Tryggvagata 36

Félagsmiðstöðin Zelsíuz, sími: 480-1951

Árborg, sími: 480-1900

E-mail: eirikurs@arborg.is

Almennar upplýsingar

Opnunartími:

Mánudaga til föstudaga, kl: 12:30–17:00

Opið er á skipulagsdögum skóla frá kl: 8:00– 17:00 (lokað er í vetrarfríi)

Heimsóknir: Foreldrar eru ávallt velkomnir í frístundaklúbbinn

Viðtalstímar: Foreldrar geta óskað eftir viðtalstíma hjá forstöðumanni

Mætingar: Mikilvægt er að afboða komu þátttakenda vegna veikinda eða annarra forfalla **milli kl:12:00 og 13:00** í síma 480-6363 eða eirikurs@arborg.is

Útivera: Nauðsynlegt er að þátttakendur séu klæddir eftir veðri.

Matarmál: Ætlast er til að þátttakendur hafi borðað hádegismat þegar þeir koma. Hjá 5. – 7. bekk er kaffitími 14.:30. Þátttakendur koma með sitt eigið nesti. Að lokinni síðdegishressingu ganga börnin frá eftir sig og aðstoða við annan frágang

Reglur: Við hjálpumst að. Við notum inni-röddina. Við sýnum kurteisi. Við bjóðum öðrum með okkur í verkefni. Við tölum sa-man ef eitthvað er að.

Kostnaður: Hægt er að fá upplýsingar um gjaldskrá hjá forstöðumanni.

[Umsókn – Frístundaklúbbur](#)